



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍPRG3BA03

Badminton

Kennari/kennarar:	Sverrir G Ingibjartsson (SGI) sgi@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Þessi áfangi er kenndur einu sinni í viku á miðvikudögum frá 12:40 – 14:30. Frá 12:40 -13:30 verðum við í íþróttasal í verklegum badmintonæfingum. Eftir það förum við í stofu og höldum áfram í bóklegum tíma. Í bóklega hlutanum verður fyrst farið í helstu leikreglur og síðan í kennslu byrjenda þ.e. hvernig tækniatriði badmintons eru kennd. Verklegu tímarnir verða að mestum hluta helgaðir tæknikennslu og verður kennari með fyrstu tímana. Síðan taka nemendur við æfingakennslu þegar líða tekur á önnina.

Undanfari: ÍPRF2ÞJ05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- badmintoni og badmintonreglum
- mismunandi gripum, hvernig halda skal á spaða
- mismunandi uppgjöfum
- ýmsum æfingum sem henta í þjálfun barna
- hvaða línur (vellir) eru notaðar í einliða- og tvíliðaleik
- leikjum sem hægt sé að nota á badminton æfingum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- kenna badminton
- dæma badmintonleiki
- sýna grunnfærni í badmintoni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að kenna og þjálfa byrjendur í badmintoni

Námsefni:

Efni frá kennara og af netinu

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2- 5	6- 30. janúar	<i>Kennsla hefst fim. 8. janúar.</i> Uppgjafir, forhandarslög, bakhandarslög, smass og drop	Verkefni 1
6 - 9	2-27. febrúar	<i>Miðannarmat lokaskil 20.febrúar.</i> <i>Vorfrí 23. – 24. febrúar.</i> <i>Starfsþróunardagur í FÁ</i> <i>27.febrúar.</i> Badmintonreglur Einliðaleikir/tvíliðaleikir	Fyrri lotupróf
10 - 13	1-27. mars.	<i>Áfangamessa 4. mars</i> <i>Valdagur 11. mars</i> <i>Kátir dagar og Flóafár 18-20.</i> <i>mars.</i> Fyrri æfingakennsla nemenda	Verkefni 2
15 - 8	7.- 30. apríl	Seinni æfingakennsla nemenda	Verkefni 3
17 - 19	4.- 24. maí	<i>Dimissjón 8. Maí</i> <i>Síðasti kennsludagur mið. 13. maí.</i> <i>Námsmatsdagar 15. - 19.maí</i> <i>Sjúkrapróf 20. maí.</i> <i>Brautskráning fös. 29. maí.</i> Badmintonmót	Verkefni 4 Seinna lotupróf

Sérreglur áfangans:

Nemendur eiga að mæta í íþróttafötum og í íþróttaskóm í verklega tíma

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsháttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni	4 verkefni, 5% hvert	20%
Próf	2 lotupróf, 10% hvort	20%
Verklegt	Þátttaka í verklegum tímum	30%
Æfingakennsla	Nemendur kenna einu sinni í hópi og einu sinni ein og sér	30%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 7. janúar 2026

Sverrir Ingibjartsson kennari

Ásdís Björg Ingvarsdóttir fagstjóri